

Stjórnarfundur FHD 8. nóvember 2011. Kl. 18.00

Á fundinn eru mættir: Arna Ólafsdóttir, Egill Bergmann, Hulda Jónasdóttir, Jón Ásgeir Einarsson og Vilhjálmur Ólafsson.

Egill Bergmann setur fundinn.

- Fyrsta mál á dagskrá er vetrardagskrá FHD. Ýmsar tillögur voru lagðar fram og var ákveðið að ljúka þessari vinnu á næsta fundi.
- Búið er að senda inn beiðni til HRFÍ fyrir 7 veiðiprófum . Veiðiprófsramminn hefur verið samþykktur af HRFÍ en vegna nýrra verklagsreglna hjá HRFÍ hafa prófin sjálf ekki verið samþykkt. Búið er að aðlaga umsókn FHD að nýjum verklagsreglum HRFÍ og er beðið endanlegs samþykkis.
- Nýjar veiðiprófsreglur voru lagðar fram af endurskoðunarnefnd veiðiprófsreglna. Stjórn fjallaði um reglurnar. Arna og Hulda komu með athugasemdir varðandi sækipróf.
- Ákveðið var að leita að tveimur einstaklingum sem munu alfarið sjá um að skrá inn í gagnagrunn FHD.
- Tekin var fyrir beiðni Vorstehdeildar um að fá að samnýta gagnagrunn FHD og var hún samþykkt.
- Ákveðið var að halda deildarfund í byrjun janúar þar sem nýjar veiðiprófsreglur verða kynntar.
- Ákveðið var að vera með sýningarþjálfun fyrir n.k. sýningu í samfloti með Schnauzerdeild.
- Önnur mál, ákveðið var að boða tengiliði tegunda á n.k. stjórnarfund.

Fundi slitið kl. 20.30